



## Fundargerð fagdeildar slökkviliðsmanna

<b>Fundarstjóri:</b> Jón Kristinn Valsson, formaður fagdeildar slm.	<b>Fundur nr. 01</b>
<b>Fundarritari:</b> Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri	<b>Reykjavík, 5.11.2020</b>
<b>Mættir:</b> Jón Kristinn Valsson, formaður fagdeildar slökkviliðsmanna Guðjón S. Guðjónsson, SHS Halldór Theodórsson, BS Maron Pétursson, SA Lárus Petersen, SHS Sigurður Þór Elísson, SAH Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri	<b>Fundarstaður: Brautarholt 30 105 Reykjavík og fjarfundabúnað Teams.</b>  <b>Frá kl. 10:00</b> <b>Til kl. 10:59</b>
<b>Fjarverandi</b> Sigurbjörn Björnsson, BSk.	

### Dagskr

Nr.	Fundarefni	Ábyrgð
1.	<b>Setning</b> JKV formaður setti fyrsta fund fagdeildar slökkviliðsmanna og bauð fundarmenn velkomna. Farið var hringinn og stjórnarmenn gerðu grein fyrir sér og hvaða markmið þeir vilja ná með setu sinni í fagdeildinni.	JKV
2.	<b>Kynning á LSS og starfsemi þess</b> JKV fór yfir starfsemi LSS og gerði grein fyrir helstu áherslum félagsins annars vegar á sviði stéttarfélagins í kjaramálum og hins vegar Landsambands þar sem sambandið sameinar hjörtu félagsmanna í einni heild. Félagið starfrækir fagdeildir ein þeirra er fagdeild slökkviliðsmanna. Hún beitir sér fyrir betri menntun, öryggi félagsmanna, betri aðbúnaði, forvörnum, heilsu og öðru sem tengist þeirra starfi sem slökkviliðsmenn. <ol style="list-style-type: none"><li>Kynning LSS – skipulag. JKV fór yfir markmið og tilgang félagsins og þá þjónustu sem félagið veitir og farið yfir gildandi reglugerðir. Sjá: <a href="http://www.lsos.is/lsos/um-lss/log-og-reglugerdir/reglugerdir/">http://www.lsos.is/lsos/um-lss/log-og-reglugerdir/reglugerdir/</a></li><li>Starfsáætlun. Farið var yfir starfsáætlun LSS og helstu verkefni.</li><li>Starfsreglur stjórnar. Farið var starfsreglur stjórnar. Sjá: <a href="http://www.lsos.is/lsos/um-lss/stjorn/starfsreglur-stjornar/">http://www.lsos.is/lsos/um-lss/stjorn/starfsreglur-stjornar/</a></li><li>Siðareglur LSS. Kynntar voru siðareglur LSS. Sjá: <a href="http://www.lsos.is/library/fundargerdir/Nyjar/Si%C3%B0areglur%20LSS.pdf">http://www.lsos.is/library/fundargerdir/Nyjar/Si%C3%B0areglur%20LSS.pdf</a></li><li>Starfsyfirlit skrifstofu. Farið var yfir markmið og tilgang starfsyfirlits skrifstofu LSS. Sjá: <a href="http://www.lsos.is/lsos/um-lss/stjorn/starfsyfirlit-skrifstofu/">http://www.lsos.is/lsos/um-lss/stjorn/starfsyfirlit-skrifstofu/</a></li></ol>	JKV
3.	<b>Erindisbréf fagdeildar slökkviliðsmanna, reglur fagdeildarinnar.</b> JKV fór yfir reglur fagdeildarinnar, tilgang hennar og markmið. Samhliða því var farið yfir erindisbréf fagdeildarinnar og til hvers er ætlast af fagdeildinni. Farið var yfir umboð fagdeildarinnar.	MSS



<b>4.</b>	<b>Helstu verkefni</b> JKV og HS fóru yfir verkefni sem fagdeildin hefur verið að sinna á síðasta tímabili. Farið var yfir: <ol style="list-style-type: none"><li>1. Fundi félags- og barnamálaráðherra sem fer fyrir málaflokki brunamála. Minnisblað sett á fagdeildadrif á teams.</li><li>2. Fund vegna fundar með Húsnæðis- og mannvirkjastofnun vegna sameiningar tveggja stofnana og stefnumótun í málaflokknum. Minnisblað sett á fagdeildadrif á teams.</li><li>3. Fundar með samgöngu- og sveitastjórnarráðherra sem ber ábyrgð á forgangsakstri, öryggismálum í göngum og á flugvöllum. Minnisblað sett á fagdeildadrif á teams.</li><li>4. Farið var yfir mikilvægi reglugerðar 747/2018 um starfsemi slökkviliða.</li><li>5. Farið var kjaramál tengt málaflokknum þó aðallega hlutastarfandi kaflann sem verður lagður niður í lok árs 2021.</li><li>6. Farið var yfir verkefni sem tengist Landssambandinu.<ol style="list-style-type: none"><li>a. Ritnefnd, fréttablað og veffréttabréf</li><li>b. Námsstefnan á vakt fyrir Ísland</li><li>c. Eldvarnaátakið. <a href="http://www.lsos.is/lsos/eldvarnir/eldvarnaatakid/">http://www.lsos.is/lsos/eldvarnir/eldvarnaatakid/</a></li><li>d. Rauði haninn.</li></ol></li></ol>	JKV  HS  HS  HS  HS  HS  JKV
<b>4.</b>	<b>Skipting verkefna á milli stjórnar</b> Fagdeildin samþykktir að skipa stjórnarmenn í eftirfarandi verkefni <ol style="list-style-type: none"><li>1. Ritnefnd. GSG bauð sig fram í ritnefnd og sem ritari fagdeildarinnar.</li><li>2. Námsstefnan. Á vakt fyrir Ísland. LP og SPE buðu sig fram í undirbúningsnefnd. Fagdeildin sammála því að þeir taki virkan þátt í framkvæmd námsstefnunnar.</li><li>3. Rauði haninn. Lárus Steindór Björnsson er fararstjóri ferðarinnar og JKV er aðstoðarfararstjóri. Stefnt að því að fara í vor eða á næsta ári, fer eftir Covid19 faraldrinum.</li></ol>	ALLIR
<b>5</b>	<b>Önnur mál</b> <ol style="list-style-type: none"><li>1. Kom í ljós að það gleymdist að boða Sigurbjörn og er hann beðinn afsökunar á því. Honum verður bætt í grúppuna.</li><li>2. HS falið að stofna teams möppu fyrir fagdeildina og setja inn gögn. HS falið að senda erindisbréf á fagdeildina ásamt reglum fagdeildar.</li></ol>	ALLIR

Fleira er ekki tekið fyrir og fundi er slitið kl. 10:59.

Næsti fundur stjórnar verður ákveðinn í gegnum messenger spjall. JKV mun stofna spjallið.

Fundargerð ritaði HS.